



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 og lögreglulaga, nr. 90/1996 (embætti ákærvalds og lögreglu).
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	8. september 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Áformað er að gera breytingar á ákvæðum sakamálalaga og lögreglulaga þar sem veitingarvald ráðherra þegar kemur að embættum vararíkissaksóknara, varahéraðssaksóknara aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra verði fært til forstöðumanna viðkomandi embætta, sem verður þá framvegis heimilt að skipa næstráðendur sína, til fimm ára í senn.

Ríkissaksóknari, sem æðsti handhafi ákærvalds, er skipaður ótímabundið í embætti af dómsmálaráðherra, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála. Í 2. mgr. sama ákvæðis kemur fram að til aðstoðar ríkissaksóknara skuli vera vararíkissaksóknari sem ráðherra skipar ótímabundið.

Í 1. mgr. 22. gr. laga um meðferð sakamála er að finna sambærileg ákvæði hvað varðar embætti héraðssaksóknara. Þar kemur fram að ráðherra skipi héraðssaksóknara ótímabundið og honum til aðstoðar sé varahéraðssaksóknari, sem ráðherra skipi ótímabundið.

Í 1. mgr. 28. gr. lögreglulaga kemur fram að ráðherra skipi ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn. Ráðherra sé jafnframt heimilt að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til fimm ára í senn. Í 3. mgr. sama ákvæðis kemur fram að sé fleiri en einn aðstoðarlögreglustjóri við embættið skuli einn þeirra vera staðgengill lögreglustjóra.

Vararíkissaksóknari, varahéraðssaksóknari, aðstoðarríkislögreglustjórar og aðstoðarlögreglustjórar eru embættismenn, sbr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Það fer eftir ákvæðum laga hverju sinni hvaða stjórnvöld veitir starf eða embætti. Í 2. mgr. 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kemur fram að séu ekki fyrirmæli um það í lögum, skuli sá ráðherra er stofnun lýtur skipa forstöðumann stofnunar og, eftir atvikum, aðra embættismenn er starfa við stofnunina, en forstöðumaður ræður í önnur störf hjá henni.

Fjallað er um verksvið og ábyrgð forstöðumanna í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Forstöðumenn stofnana ríkisins fara almennt með fyrirsvar um réttindi og skyldur starfsmanna sinna og fara með almennan stjórnunarrétt gagnvart starfsmönnum sem heyra undir stofnunina. Í því felst meðal annars að forstöðumaður getur gefið starfsmönnum fyrirmæli, hefur

heimild til þess að gera breytingar á verksviði starfsmanna og getur beitt úrræðum á grundvelli starfsmannalaga. Í ljósi reynslunnar þykir rétt að taka núverandi fyrirkomulag til endurskoðunar hvað varðar næstráðendur embætta lögreglu og ákærvalds. Til skoðunar er, í þeim tilgangi að auka skýrleika, sveigjanleika og hagræði, að veita forstöðumanni heimild til þess að skipa næstráðendur sína, til fimm ára eins og er meginreglan hjá embættismönnum. Með því móti yrði ábyrgð á viðkomandi skipunum færð frá ráðherra til viðkomandi forstöðumanns. Framangreindar breytingar myndu hafa í för með sér að ríkissaksóknara yrði heimilt að skipa vararíkissaksóknara og með sama hætti yrði héraðssaksóknara heimilt að skipa varahéraðssaksóknara. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði um ótímabundna skipun vararíkissaksóknara og varahéraðssaksóknara að ræða, heldur yrði skipað til fimm ára í senn, eins og er meginreglan varðandi embættismenn. Áfram yrði heimilt að skipa vararíkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra hjá embættum ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, en sú skipun yrði á forræði viðkomandi lögreglustjóra í stað ráðherra. Að því er varðar lögregluna er um að ræða áframhald á ákveðinni þróun yfir lengri tíma, en í gildistíð eldri laga skipaði ráðherra eða ríkislögreglustjóri ákveðinn hóp yfirmanna í lögreglu, sem störfuðu þó undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra, en ekki veitingarvaldshafans. Af framangreindum breytingum myndi leiða að veitingarvald í þessum tilvikum yrði framvegis á hendi forstöðumanna og að sambærilegar lagareglur myndu gilda um heimild forstöðumanna lögreglu annars vegar og ákærvalds hins vegar til skipana, sem gilda myndu til fimm ára í senn eins og almennt gildir með embættismenn. 2. Hvert er úrlausnarefnið? Að endurskoða ákvæði laga um meðferð sakamála varðandi veitingarvaldshafa þegar kemur að vararíkissaksóknara og varahéraðssaksóknara og lögreglulaga þegar kemur að aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjórum. 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Sjá umfjöllun að framan. Lagðar eru til efnislegar breytingar á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum í þeim tilgangi að auka skýrleika, sveigjanleika og hagræði. Verði breytingin að lögum er samræmis gætt hjá lögreglu og ákærvaldi þegar kemur að skipun næstráðanda forstöðumanns. Reynslan þykir hafa sýnt að rétt sé að halda áfram á þeirri braut sem áður hefur verið mótuð við breytingar á lögreglulögum og leggja af þá skipan að þeir forstöðumenn sem fara með umrædd embætti, eigi ekki mat eða ákvörðunarvald varðandi það hverjir eru þeirra næstráðendur.	
B. Markmið	
1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur m.a. fram að eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar sé að hagræða og einfalda stjórnsýslu. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda. Að auka skýrleika, sveigjanleika og hagræði.	
C. Leiðir	
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Sjá umfjöllun hér að framan. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.	

Ekki er unnt að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með öðrum hætti en breytingum á viðeigandi lögum. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu. Um er að ræða sérákvæði sem varða fyrirkomulag skipunar tiltekinna embættismanna. Breytingar sem varða þessa embættismenn verða ekki gerðar með öðrum hætti en með viðeigandi breytingum á lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Áformað er að leggja fram frumvarp til breytinga á tilteknum ákvæðum sakamálalaga og lögreglulaga. Að öðru leyti vísast til þess sem rakið er hér að framan. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Helstu breytingar eru á ákvæðum sakamálalaga og lögreglulaga þar sem veitingarvald ráðherra þegar kemur að vararíkissaksóknara, varahéraðssaksóknara aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjórum verður fært til viðkomandi forstöðumanna, sem verður heimilt að skipa næstráðendur sína til fimm ára í senn. Ekki verður lengur kveðið á um æviskipan vararíkissaksóknara og varahéraðssaksóknara, heldur tímabundna skipan til fimm ára í senn, eins og er meginreglan um embættismenn.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Ekki er gert ráð fyrir að framangreindar breytingar, verði þær að lögum, hafi áhrif á stöðu þeirra sem nú gegna embættum varahéraðssaksóknara og aðstoðarlögreglustjóra út skipunartíma viðkomandi. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Viðkomandi embætti lögreglu og ákærvalds. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já. Haft verður samráð við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sem fer með mannauðsmál ríkisins. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Á ekki við. 4. Fyrirhugað samráð. Samráð verður haft við þau ráðuneyti, stofnanir og embætti sem um ræðir.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Í vinnslu.

H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ekki er gert ráð fyrir að framangreindar breytingar, verði þær að lögum, hafi áhrif á stöðu þeirra sem nú gegna embættum varahéraðssaksóknara og aðstoðarlögreglustjóra út skipunartíma viðkomandi. Skipanir sem eiga sér stað eftir gildistöku laganna munu hins vegar fara eftir breyttu fyrirkomulagi, verði áformin að lögum. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Samstarf ráðuneyta og viðeigandi embætta sem tileinki sér þær breytingar sem áformaðar eru. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Í athugun. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Í athugun.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.